

Vinnslustöðin hf  
Hafnargötu 2  
900 Vestmannaeyjar

23. nóvember 2018  
UST201610-019/F.T.  
08.10.02

**Efni: Lok eftirfylgni - Vinnslustöðin**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 4. október 2016, þar sem áfórmáð var að áminna Vinnslustöðina hf. vegna þriggja frávika frá starfsleyfi. Í bréfi dags. 9. júlí 2018 voru úrbætur vegna eins fráviks staðfestar. Eftir stóðu tvö frávik.


**Frávikan voru eftirfarandi:**

1. Ryk í útblæstri frá olíukatli 1 mælist 172 mg/Nm<sup>3</sup> og ryk frá olíukatli 3 mælist 110 mg/Nm<sup>3</sup> (m.v. 3% O<sub>2</sub>) en starfsleyfismörkin eru 100 mg/Nm<sup>3</sup> Hvað ketil 1 varðar hefur rekstraraðili sótt um breytingu á starfsleyfi. Umhverfisstofnun fellst á útskýringar rekstraraðila varðandi ketil 3. Mælinákvæmni fyrir mælingar á ryki í útblæstri er allt að +/- 15 %. Ryk frá olíukatli 3 (110 mg/Nm<sup>3</sup>) fellur því alveg við mörkin sem sett eru í starfsleyfi og eru því ekki gerðar frekari athugasemdir af hálfu stofnunarinnar hvað þetta varðar.
2. Útblásturshraði mælist undir starfsleyfismörkum, þ.e. 13,3 m/s (skorsteinn 1) og 6,9 m/s (skorsteinn 3) en samkvæmt starfsleyfi skal hann vera amk 20 m/s. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri útblásturshraða sýni rekstraraðili fram á með loftdreifilíkani að ekki sé hætta á niðurdrætti. Rekstraraðili sótti um breytingu á starfsleyfi varðandi skorstein nr. 1. Umhverfisstofnun fellst á úrbætur rekstraraðila á skorstein nr. 3 en vélsmiðjan Héöinn hannaði og setti upp þrengingu efst á skorsteini nr. 3 og nú er þvermál skorsteinsins 0,54 cm. Með þessu er hraði útblásturs í toppi skorsteinsins 26 m/s sem uppfyllir kröfur í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun hefur borist fullnægjandi upplýsingar um frávikan og verður ekki farið í frekari eftirfylgni að sinni. Því verður fylgt eftir í næsta eftirliti hvort umsókn rekstraraðila um breytingu á starfsleyfi hafi verið samþykkt eður ei.


Eftirfylgni sem hófst með bréfi dags. 20. apríl 2016 telst nú lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

  
Sigrun Agustsdóttir  
sviðsstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Virðingarfyllst

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur